

Mál nr. 122/2020**M og
V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss á veitingastað hinn 28.06.2018.****Gögn.**

Málskot 26.03.2020 ásamt fylgiskjölum 1-18.

Bréf V dags. 02.04.2020 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Hinn 28. júní 2018 var M, ásamt tveimur vinkonum sínum, stödd á veitingastaðnum A þar sem þær hugðust snæða. Í málskoti kemur fram að þegar þær voru á leið til sætis hafi M runnið í bleytu eða olíu á gólfinu með þeim afleiðingum að hún slasaðist nokkuð. M fer fram á bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna slyssins enda verði það rakið til vanrækslu starfsmanna A. Það sé með öllu óforsvaranlegt að bleyta eða olía sé á gólfum sem viðskiptavinir eigi leið um. Um sé að ræða fjölsóttan stað og því brýnt að gæta fyllsta öryggis. Beri starfsfólki því að yfirfara gólf reglulega og gæta þess að ekki sé bleyta á þeim. Þá vísar M til framburðar vitna, þ.e. samferðarkvenna sinna, þar sem fram kemur að þær hafi ekki verið ölvaðar og M hafi hvorki hrasað né misstigið sig heldur hafi fótunum beinlínis verið kippt undan henni og hún skolið í gólfið. Jafnframt kemur fram í vitnisburði að ekkert athugavert hafi fundist á gólfinu en það segi sig sjálf að hafi M stigið á einhvern aðskotahlut hefði hann skotist annað og fita eða bleyta sogast upp í klæðnað hennar. Samkvæmt framansögðu verði slysið ekki rakið til eigin óaðgæslu M heldur eingöngu vanrækslu af hálfu A.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að þegar starfsmenn A og vitni, vinkona M, hafi skoðað aðstæður strax eftir slysið hafi engin bleyta fundist á gólfi A. Sé því ósannað að slys M megi rekja til þess að hún hafi runnið í fitu eða vökva á gólfi veitingastaðarins. Jafnvel þó sýnt væri fram á slíkt væri jafnframt ósannað að starfsmenn A hefðu haft vitneskju um bleytu á gólfi veitingastaðarins þannig að meta mætti þeim til vanrækslu að hafa ekki brugðist við. Sé því um óhappatilvik að ræða sem ekki verði bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Svo bótaskylda úr ábyrgðartryggingu sé fyrir hendi þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónsatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, váttryggðs. Samkvæmt lýsingum í málskoti verður að telja ósannað að M hafi runnið í bleytu eða á fitubletti eða hnotið um einhvern aðskotahlut, en fyrir liggur að starfsmaður A og vinkona M skoðuðu svæðið án þess að finna ummerki um slíkt. Jafnvel þó sýnt væri fram á að bleyta hafi verið á gólfinu, en ætla má að bleyta eða fita geti lent á gólfi veitingastaða, er ekki sýnt fram á að starfsmenn A hafi haft vitneskju um það og að það verði metið þeim til vanrækslu að bregðast ekki við. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið sýnt fram á að slys M megi rekja til atvika sem A, eða starfsmenn þess, beri ábyrgð á. Er bótaskylda þar af leiðandi ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.